

**Ed.**

**545. Nefndarálit**

[222. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og leggur meiri hl. hennar til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sú breyting, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerð verði á lögum um Aflatryggingasjóð, er ákvæði til bráðabirgða á þann veg að árið 1984 verði greiddar sérstakar bætur úr hinni almennu deild sjóðsins er nemi 4% af öllu verðmæti afla miðað við lágmarksverð skv. ákvörðun verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Frumvarp þetta er komið fram vegna ákvörðunar um fiskverð 1. febr. sl. og var þessi 4% greiðsla liður í þeirri fiskverðsákvörðun.

Nefndin leitaði álits Sjómannasambandsins, Farmannasambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna. Einnig komu á fund nefndarinnar fiskimálastjóri, sem jafnframt er formaður Aflatryggingasjóðs, og Þórarinn Árnason framkvæmdastjóri sjóðsins.

Alþingi, 3. apríl 1984.

Valdimar Indriðason,  
form., frsm.

Tómas Árnason.  
Árni Johnsen.

Egill Jónsson.